

Kjölur lífeyrissjóður
Ársreikningur 2010

Kjölur lífeyrissjóður
Austurstræti 11
155 Reykjavík

Kt. 430269-6079

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar sjóðsins	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar sjóðsins

Kjölur lífeyrissjóður er samtryggingarsjóður. Árið 2007 sameinuðust fimm lífeyrissjóðir, Lífeyrissjóður Mjólkursamsölnunnar, Eftirlaunasjóður Olíuverslunar Íslands, Lífeyrissjóður flugvirkja, Lífeyrissjóður starfsmanna áburðarverksmiðjunnar og Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands, deild I, í einn sjóð sem fékk nafnið Kjölur lífeyrissjóður. Staðfesting frá Fjármálaráðuneytinu fékkst á miðju ári 2007 og voru réttindi sjóðfélaga aukin miðað við stöðu sjóðanna þá.

Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 494 milljónum króna, sem er 14,0% lækkun frá fyrra ári, en réttindi sjóðfélaga voru lækkuð um 19% frá og með júní 2010. Á árinu fékk 831 sjóðfélagi greiddan lífeyri. Sjóðurinn er lokaður og því voru engar iðgjaldagreiðslur frá sjóðfélögum á árinu.

Engir starfsmenn voru hjá sjóðnum árið 2010. NBI hf. annaðist rekstur hans og er framkvæmdastjóri sjóðsins starfsmaður bankans. Kostnaður við rekstur sjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi við NBI hf. á árinu var 5,4 milljónir króna.


Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 8.069 milljónum króna í árslok 2010. Á árinu jókst hún um 33 milljónir króna eða um 0,4%. Hrein raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins miðað við vísitölu neysluverðs var 4,0%. Samkvæmt útreikningum tryggingafræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu skuldbindingar sjóðsins 8.666 milljónum króna miðað við 3,5% vexti. Séu eignir sjóðsins metnar með sama hætti nema þær 8.494 milljónum króna, eða 2,0% lægri fjárhæð en skuldbindingar sjóðsins.

Stærstur hluti eigna sjóðsins er nú í ríkistryggðum innlánum og skuldabréfum með ríkisábyrgð. Nokkur óvissa er um mat nokkurra verðbréfa í eigu sjóðsins og er gerð grein fyrir henni í skýringu 12.

Stjórn og framkvæmdastjóri Kjalar lífeyrissjóðs staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. apríl 2011.

Stjórn:



Framkvæmdastjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Kjarar lífeyrissjóðs.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjarar lífeyrissjóðs fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingar ár hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. t. l. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 15. apríl 2011.

KPMG ehf.



Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Iðgjöld			
Réttindaflutningur		(324)	(540)
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	5	5.076	7.073
		<u>4.752</u>	<u>6.533</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	6,13	494.262	574.706
Umsjónarnefnd eftirlauna		(477)	(497)
		<u>493.786</u>	<u>574.209</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum	7	4	668
Vaxtatekjur og gengismunur	8,14	578.025	682.874
Niðurfærsla verðbréfa	19	(43.574)	(66.975)
		<u>534.455</u>	<u>616.566</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	15	7.925	10.775
Vaxtagjöld		199	182
Önnur fjárfestingargjöld		619	1.517
	9	<u>8.744</u>	<u>12.474</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9,15-16	3.903	5.307
Hækkun á hreinni eign á árinu		32.775	31.109
Hrein eign frá fyrra ári		<u>8.036.097</u>	<u>8.004.988</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u><u>8.068.872</u></u>	<u><u>8.036.097</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum		1.438.554	1.571.598
Verðbréf með föstum tekjum		5.079.399	4.666.896
Veðlán til sjóðfélaga		45.130	51.464
Bundin innlán		1.496.425	1.644.962
	10,17-21	<u>8.059.508</u>	<u>7.934.921</u>
Kröfur			
Ýmsar kröfur		<u>10.151</u>	<u>35.730</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		<u>19.388</u>	<u>82.598</u>
	Eignir samtals	<u>8.089.048</u>	<u>8.053.248</u>
Skuldir			
Fyrirfram innheimtar tekjur		4.958	5.250
Ýmsar skuldir	22	<u>15.218</u>	<u>11.901</u>
		<u>20.176</u>	<u>17.151</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u><u>8.068.872</u></u>	<u><u>8.036.097</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Inngreiðslur			
Fjárfestingartekjur		267.099	368.274
Afborganir verðbréfa		290.589	248.376
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		618.869	3.309.117
Seld verðbréf með föstum tekjum		194.444	359.592
Bundin innlán		250.000	535.734
		<u>1.621.000</u>	<u>4.821.092</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		495.380	570.058
Fjárfestingargjöld		199	182
Rekstrarkostnaður		7.860	17.418
		<u>503.439</u>	<u>587.658</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		1.117.561	4.233.434
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		440.297	468.051
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		740.473	3.741.956
		<u>1.180.770</u>	<u>4.210.007</u>
(Lækkun) hækkun á sjóði og veltiinnlánnum	(63.209)	23.426
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		82.598	59.171
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>19.388</u>	<u>82.598</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um lífeyrissjóðinn

Kjölnur lífeyrissjóður er samtryggingarsjóður sem varð til á árinu 2007 við samruna fimm lífeyrissjóða, þ.e. Lífeyrissjóðs Mjólkursamsölunnar, Eftirlaunasjóðs Oliuverslunar Íslands, Lífeyrissjóðs flugvirkja, Lífeyrissjóðs starfsmanna áburðarverksmiðjunnar og Lífeyrissjóðs Eimskipafélags Íslands, deild I. Staðfesting frá Fjármálaráðuneytinu fékkst á miðju ári 2007 og voru réttindi sjóðfélaga aukin miðað við stöðu sjóðanna þá.

Sjóðurinn er lokaður fyrir nýjum sjóðfélögum og tekur ekki við iðgjöldum.

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðisreikningsskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þús. kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri samþykktu ársreikninginn þann 12. apríl 2011.

2. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

4. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

5. Iðgjöld

Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingagjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

6. Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, þ.e. ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir og greiðslur frá Umsjónarnefnd eftirlauna, en nefndin annast greiðslur til þeirra sem fæddir eru fyrir 1914 og eiga því mjög lítil réttindi í almenna lífeyrissjóðakerfinu.

7. Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga í gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

8. Vaxtatekjur og gengismunur

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af veltiinnlánnum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

9. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

10. Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum og lausafé.

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð bréf á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði sé það lægra. Hlutdeildarskírteini og aðrir eignarhlutar í sjóðum um sameiginlegar fjárfestingar eru færðar á markaðsverði hvort sem um er að ræða skráð eða óskráð bréf.

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup.

Veðlán eru eignfærð miðað við þá vaxtaviðmiðun sem fram kemur á viðkomandi skuldabréfaláni.

Verðbréfasafn sjóðsins er yfirfarið reglulega til að meta hvort virði óskráðra eigna hafi rýrnað. Við matið eru sérstakar áhættur metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim eignum sem kunna að tapast. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi frá einstökum verðbréfum eða safni verðbréfa áður en lækkunin verður merkjanleg á einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðar sjóðstreymi.

11. Stýring fjárhagslegrar áhættu

Yfirlit

Stjórn og stjórnendur Kjalar lífeyrissjóðs standa frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu í daglegri starfsemi sjóðsins. Helstu áhættuþættir sem fylgja eignum og tekjum sjóðsins eru eftirfarandi:

- * Mótaðilaáhætta
- * Lausafjáraáhætta
- * Markaðsáhætta
- * Vaxtaáhætta
- * Gjaldeyrisáhætta

Hér á eftir eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur sjóðsins, markmið, stefnu og aðferðir hans við að meta og stýra áhættunni. Að auki eru veittar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Markmið sjóðsins með áhættustýringu er að setja viðmið um áhættutöku, að uppgötva og greina áhættu sem sjóðurinn býr við, hafa eftirlit með henni og bregðast við ef áhættan verður meiri en heimilt er. Skilvirk áhættustjórnun felur í sér greiningu verulegra áhættuþátta, mælingu áhættunnar og sífellt eftirlit með henni. Grundvöllur áhættustýringar sjóðsins felst í fjárfestingarstefnu hans hverju sinni. Í lögum um starfsemi lífeyrissjóða eru skilgreindar heimildir sjóðsins til fjárfestinga og hámark fjárfestinga í einstökum eignaflokkum. Fjárfestingarstefnan verður að vera innan þeirra marka sem sett eru í lögnum. Stjórn lífeyrissjóðsins ber ábyrgð á henni gagnvart sjóðfélögum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn. Hann skilgreinir áhættuviðmið, innan þeirra marka sem stjórn setur, eftir því sem þörf krefur.

Það er stefna stjórnar sjóðsins að fylgst skuli með og reynt að stýra áhættu sem getur haft áhrif á afkomu sjóðsins og hreina eign til greiðslu lífeyris.

11. Stýring fjárhagslegrar áhættu, frh.:

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sjóðsins ef mótaðili eða viðskiptamaður í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Helsta mótaðilaáhætta sjóðsins verður til við kaup á verðbréfum og með veitingu veðlána. Mótaðilaáhætta fylgir ýmsum öðrum fjáreignum, svo sem kröfum og bankainnstæðum. Fjárhæð mótaðilaáhættu kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi.

Helstu eignir lífeyrissjóðsins eru verðbréf. Það er stefna sjóðsins að kaupa ekki aðeins verðbréf sem fylgir lítil áhætta, heldur er mikilvægt að vænt ávöxtun keyptra verðbréfa endurspegli bæði áhættu og kostnað sem þeim fylgir. Þetta táknar að ítarlegt mat á einstökum viðskiptavinum, fjárhagsstöðu þeirra og tryggingum er forsenda fyrir kaupum á verðbréfum.

Sjóðurinn leggur áherslu á vel dreift verðbréfasafn. Stjórn sjóðsins samþykkir fjárfestingastefnu fyrir hann árlega, en í fjárfestingastefnunni eru sett viðmiðunarmörk um hámarksáhættu í einstökum fjárfestingum.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á að sjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Sjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á að breytingar í markaðsverði vaxta, gengis hlutabréfa og erlendra gjaldmiðla hafi áhrif á afkomu sjóðsins og virði fjárfestinga hans. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati sjóðsins miðað við áhættu er hámarkaður.

Vaxtaáhætta

Skuldbindingar sjóðsins gagnvart sjóðfélögum eru verðtryggðar og núvirtar miðað við fasta verðtryggða vexti. Vaxtaberandi eignir sjóðsins eru ýmist með föstum eða breytilegum vöxtum, verðtryggðar, óverðtryggðar eða gengistryggðar. Stefnt er að því að halda sem bestu jafnvægi milli vaxtaberandi eigna og skuldbindinga. Vaxtaberandi eignir sjóðsins og skuldbindingar hans hafa mismunandi binditíma og því getur myndast bil milli markaðsverðs eigna og skuldbindinga við vaxtabreytingar. Þær breytingar koma ekki fram í ársreikningnum, þar sem vaxtaberandi eignir sjóðsins eru færðar til eignar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er hættan á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum gagnvart íslensku krónunni. Fylgst er með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt. Lífeyrissjóðurinn stefnir að því að takmarka gjaldeyrisáhættu og fylgist er með henni í samhengi við heildarskuldbindingar sjóðsins.

Samkvæmt lögum um lífeyrissjóði mega gengistryggðar eignir sjóðsins að hámarki nema 50% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Fjárfestingarstefna sjóðsins miðast við að gengistryggðar eignir fari ekki yfir 20%. Skuldbindingar sjóðsins eru í íslenskum krónum og því hefur sjóðurinn haft þá stefnu að draga úr gjaldeyrisáhættu sinni til að takmarka þær sveiflur sem óhjákvæmlega verða í ávöxtun vegna sveiflna á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni.

Skýringar, frh.:

11. Stýring fjárhagslegrar áhættu, frh.:

Gjaldeyrisáhætta, frh.:

Það er stefna sjóðsins og hluti af áhættustýringu hans að eiga vel dreift eignasafn, sem ekki byggir eingöngu á íslenska hagkerfinu, og draga þannig úr mótaðilaáhættu og samþjöppunaráhættu vegna takmarkaðs framboðs af innlendum verðbréfum. Sjóðurinn hefur í samræmi við heimildir í lögum ávaxtað hluta af eignum sínum í erlendum verðbréfum til að dreifa fjárfestingaráhættu sinni.

Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

12. Verðbréf með föstum og breytilegum tekjum

Við fall bankanna í október 2008 varð markaður með innlend skuldabréf önnur en ríkisskuldabréf nánast óvirkur. Útgefendur ýmissa skráðra skuldabréfaflokka hafa verið teknir til gjaldþrotaskipta, aðrir hafa óskað eftir greiðslustöðvun og nokkrir hafa óskað eftir frestun á greiðslu afborgana og vaxta. Vegna þessa hafa verðbréf sjóðsins verið færð niður. Takmarkaðar upplýsingar eru fyrir hendi í sumum tilvikum um þessar eignir og óvissan um raunverulegt verðmæti þeirra því meiri en ella. Endanleg niðurstaða um verðmæti þessara verðbréfa kann því að verða önnur en gert er ráð fyrir í ársreikningnum, þrátt fyrir að stuðst sé við bestu fánlegu upplýsingar.

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í fagfjárfestastjóðum Landsvaka hf., Landsbanki Mezzanine Fund I og Landsbanki Mezzanine Fund II. Sjóðirnir tóku þátt í sambankalánnum með Landsbanka Íslands hf. Eftir hrun bankans í október 2008 telur slitastjórn bankans óvissu ríkja um eignarréttarlega stöðu sjóðanna hvað varðar hlutdeild þeirra í einstökum lánnum. Bankinn hefur ekki greitt sjóðunum hlutdeild þeirra í innheimtum afborgunum og vöxtum, eins og sjóðirnir telja ótvírætt að eigi að gera samkvæmt samningum. Óvissa ríkir því um verðmæti þessara eigna, sem bókfærðar eru á 308 millj. kr. í árslok 2010. Ekki hefur verið færð niðurfærsla vegna þessa. Landsvaki hf. mun höfða mál til að fá staðfesta eignarréttarlega stöðu sína.

Lífeyrir

	2010	2009
13. Greiddur lífeyrir:		
Ellilífeyrir	370.007	420.609
Makalífeyrir	96.825	118.563
Örorkulífeyrir	27.280	35.347
Barnalífeyrir	151	186
	<u>494.262</u>	<u>574.706</u>

Fjárfestingatekjur

14. Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig:

Skuldabréf	374.645	461.984
Hlutdeildarskírteini	83.972	(41.987)
Hlutabréf	(20.131)	0
Aðrar vaxtatekjur	<u>139.539</u>	<u>262.877</u>
	<u>578.025</u>	<u>682.874</u>

Skýringar, frh.:

Rekstrarkostnaður

	2010	2009
15. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:		
Umsýslubóknun	5.367	5.231
Endurskoðun	1.376	2.183
Tryggingafræðingur	2.112	1.988
Árgjald LL	193	192
Fjármálaeftirlitið	1.587	2.351
Stjórnarlaun og launatengd gjöld	1.087	927
Kostnaður vegna umsjónaraðila	0	1.823
Lögfræðikostnaður	0	1.008
Annar kostnaður	107	378
	<u>11.829</u>	<u>16.082</u>
Fært á fjárfestingagjöld	(7.925)	(10.775)
	<u>3.903</u>	<u>5.307</u>
 Laun stjórnarmanna og endurskoðunarnefndarmanna á árinu sundurliðast þannig:		
Aðalbjörg Lúthersdóttir, formaður stjórnar	60	0
Hálfván Hermannsson, fyrrverandi formaður stjórnar	110	120
Haraldur Haraldsson	50	120
Bjarni Þórðarson	50	120
Georg Árnason	110	120
Gunnar Jónsson, stjórn og endurskoðunarnefnd	150	120
Ingi Stefán Ólafsson	50	120
Kristján Tryggvason	50	100
Kristján Kristinsson	60	0
Guðmundur Pedersen	60	0
Einar Marínósson, endurskoðunarnefnd	100	0
Jóhann Kristján Ragnarsson, endurskoðunarnefnd	100	0
	<u>950</u>	<u>820</u>
 16. Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:		
Endurskoðun og gerð ársreiknings	1.101	1.747
Gerð reikningsskila og önnur þjónusta	275	437
	<u>1.376</u>	<u>2.183</u>

Skýringar, frh.:

Fjárfestingar

17. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	2010	2009
Eignarhlutir í öðrum félögum:		
Marel hf.	42.000	0
Bakkavör Group ehf. (óskráð)	4.721	0
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða ehf. (óskráð)	49	49
Eimskipafélag Íslands hf. (óskráð)	7.287	7.287
Stáltak hf. (óskráð)	0	119
Stoðir hf. (óskráð)	3.656	3.656
	<u>57.714</u>	<u>11.111</u>
Hlutdeildarskírteini:		
Innlendir sjóðir með skuldabréfum	915.312	828.182
Óhefðbundnar fjárfestingar	439.999	482.309
Erlendir sjóðir með skuldabréfum	0	64.486
Erlendir sjóðir með hlutabréfum	25.529	185.510
	<u>1.380.840</u>	<u>1.560.487</u>
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals	<u>1.438.554</u>	<u>1.571.598</u>

18. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:		
Skuldabréf með ríkisábyrgð	4.166.166	3.841.376
Skuldabréf sveitarfélaga	307.185	233.335
Skuldabréf lánastofnana	58.056	128.179
Skuldabréf fyrirtækja	547.992	464.006
	<u>5.079.399</u>	<u>4.666.896</u>

Áætlað markaðsverð bréfanna var 5.697 millj. kr. í árslok 2010.

19. Niðurfærsla verðbréfa greinist þannig:		
Niðurfærsla í ársbyrjun	158.765	1.566.922
Endanlega tapað	(31.152)	(1.475.132)
Niðurfærsla ársins	<u>43.574</u>	<u>66.975</u>
Niðurfærsla í árslok	<u>171.187</u>	<u>158.765</u>
Niðurfærslan skiptist þannig:		
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	157.858	142.456
Skuldabréf annarra fyrirtækja	<u>13.329</u>	<u>16.309</u>
Niðurfærsla samtals.....	<u>171.187</u>	<u>158.765</u>

Skýringar, frh.:

20. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
2010			
Verðbréf með breytilegum tekjum	973.865	464.689	1.438.554
Verðbréf með föstum tekjum	5.079.399	0	5.079.399
Veðlán	45.130	0	45.130
Bundin innlán	1.496.425	0	1.496.425
Samtals	<u>7.594.819</u>	<u>464.689</u>	<u>8.059.508</u>
2009			
Verðbréf með breytilegum tekjum	844.233	727.365	1.571.598
Verðbréf með föstum tekjum	4.666.896	0	4.666.896
Veðlán	51.464	0	51.464
Bundin innlán	1.644.962	0	1.644.962
Samtals	<u>7.207.556</u>	<u>727.365</u>	<u>7.934.921</u>

Fjárfestingar í erlendum gjaldmiðlum sundurliðast eftir uppgjörsmýnt verðbréfasjóða sem hér segir:

	2010	2009
USD	38.709	98.032
EUR	117.942	305.791
GBP	308.038	323.542
Fjárfestingar í erlendum gjaldmiðlum samtals	<u>464.689</u>	<u>727.365</u>

Fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum námu í árslok 2010 465 millj. kr. og býr sjóðurinn við gengisáhættu sem því nemur. Ef íslenska krónan styrkist um 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum mundu eignir sjóðsins, að öðru óbreyttu, lækka um 46 millj. kr. Vegna stöðu fjármálamarkaða hér á landi og gjaldeyrishafta er sjóðnum nú ómögulegt að verjast gengisáhættu með gerð afleiðusamninga.

21. Ávöxtun

Ávöxtun einstakra verðbréfaflokka á árinu 2010, þegar tekið hefur verið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum:

	Raunávöxtun	Viðmið*
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	8,3%	5,9%
Skuldabréf sveitarfélaga	5,4%	5,9%
Innlán banka og sparisjóða	4,0%	5,9%
Skuldabréf og vixlar fyrirtækja	5,2%	5,9%
Hlutabréf, innlend	8,6%	11,6%

*Viðmið:

Blandað skuldabréfaviðmið sjóðsins.
Hlutabréfavísitala Kauphallar Íslands.

Skuldir

22. Ýmsar skuldir greinast þannig:

	2010	2009
Ofgreiddir vextir sjóðsfélagalána	4.326	0
Aðrar skuldir	10.892	11.901
Ýmsar skuldir samtals	<u>15.218</u>	<u>11.901</u>

Skýringar, frh.:

Skuldbindingar

23. Lífeyrisskuldbinding

Gerð hefur verið tryggingafræðileg áætlun um fjárhagsstöðu sjóðsins miðað við árslok 2010. Samkvæmt henni námu skuldbindingar sjóðsins 8.666 millj. kr. miðað við 3,5% ársvexti, en í árslok 2010 nam endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris 8.494 millj. kr. Skuldbinding sjóðsins greinist þannig:

Eignir:

Hrein eign til greiðslu lífeyris	8.068.872
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti	618.506
Fjárfestingargjöld	(193.456)
Endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris	<u>8.493.922</u>

Skuldbindingar:

Ellilífeyrir	6.505.260
Makalífeyrir	1.742.266
Örorkulífeyrir	314.946
Barnalífeyrir	174
Dánarbætur	8.132
Rekstrarkostnaður	95.281
	<u>8.666.059</u>

Skuldbindingar umfram eignir

(172.137)

Í hlutfalli af skuldbindingum

(2,0%)

Skýringar, frh.:

24. Kennitölur

Sjóðurinn er lokaður fyrir almennum iðgjaldagreiðslum. Vegna þess eru ekki birtar kennitölur fyrir lífeyrisbyrði, kostnað í hlutfalli af iðgjöldum, kostnað á hvern virkan sjóðfélaga og fjölda virkra sjóðfélaga eins og gert er ráð fyrir í reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða. Ávöxtun sem sýnd er fyrir árið 2006 er meðalávöxtun þeirra sjóða sem sameinuðust.

	2010	2009	2008	2007	2006
Raunávöxtun	4,2%	(0,6%)	(27,6%)	3,2%	
Hrein raunávöxtun	4,0%	(0,8%)	(27,7%)	3,1%	6,4%
Hrein nafnávöxtun	6,7%	7,8%	(15,9%)	9,1%	
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðastliðin fimm ár	(3,9%)	(2,8%)	(0,5%)	7,9%	8,3%
síðastliðin tíu ár	1,4%	0,9%	2,1%	6,4%	
Rekstrarkostnaður					
Í hlutfalli af eignum	0,16%	0,22%	0,12%	0,17%	
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	12,4%	14,0%	50,2%	69,4%	
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	5,5%	5,8%	4,9%	14,2%	
Skráð verðbréf með föstum tekjum	61,1%	57,3%	14,5%	12,4%	
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	1,9%	1,7%	2,6%	3,4%	
Veðlán, óskráð	0,6%	0,7%	0,7%	0,6%	
Bundin innlán	18,6%	20,7%	27,2%	0,0%	
Fjárfestingar:					
Eignir í íslenskum krónum	94,2%	90,8%	86,8%	85,2%	
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	5,8%	9,2%	13,2%	14,8%	
Fjöldi lífeyrisþega	900	884	796	772	
Fjöldi réttthafa	4.639	4.785			
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	74,9%	73,2%	71,0%	72,7%	
Makalífeyrir	19,6%	20,6%	21,9%	21,2%	
Örorkulífeyrir	5,5%	6,2%	7,1%	6,0%	
Barnalífeyrir	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	
Fjárhagsstaða samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram heildar-skuldbindingar	(2,0%)	(21,8%)	(30,5%)	0,1%	
Skilgreiningar:					
Hrein raunávöxtun	Raunávöxtun þegar kostnaður við rekstur sjóðsins hefur verið dreginn frá fjárfestingartekjum.				
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar	Meðaltal hreinnar raunávöxtunar á fimm og tíu ára tímabili.				
Kostnaður í hlutfalli af eignum	Hlutfall rekstrarkostnaðar af meðaltali hreinnar eignar í ársbyrjun og árslok.				
Fjöldi lífeyrisþega	Meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á reikningsárinu.				